



# Viðkvæm álitamál eiga erindi við ungmenni

Eftir Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur

Lengi vel þótti beinlínis áhættusamt að ræða við ungmenni í skólum um viðkvæm álitamál, s.s. öfgaskoðanir, sjálfsskaða eða kynverund. Því var jafnvel haldið fram að umræðan ein og sér leiddi til óæskilegra hugmynda og hegðunar meðal ungs fólks. Með aukinni þekkingu og færni til að ræða flókin viðfangsefni hafa slík viðhorf smám saman vikið fyrir vísýnni sjónarmiðum. Einstaka skólastjórnendur og kennarar hafi tekið það upp hjá sjálfum sér að ræða viðkvæm álitamál við sína nemendur, en hafa ekki getað stuðst við samræmdar leiðbeiningar eða kennsluefni. Tækifæri ungmenna til að tjá sig í skólum um viðkvæm álitamál hafa því verið misjöfn og jafnvel engin.

Ungt fólk hefur af þeim sökum stólað á misgóðar upplýsingar frá jafnöldrum sínum og samfélagsmiðlum, en ekki fengið faglega leiðsögn við að koma tilfinningum sínum í orð og skilja líðan annarra. Hæpnar forsendur og hálf sannleikur samfélagsmiðlanna er hins vegar ótraustur grunnur, sem getur valdið togstreitu og ungmennum óvissu um viðkvæm álitamál sem brjótast innra með þeim, birtast í



Guðrún Ebbu Ólafsdóttir

nær samfélagi þeirra, þjóðfélaginu í heild eða öðrum löndum.

Lýðræði og mannréttindi er einn af grunnþáttum menntunar sem aðalnámskrá byggir á. Lýðræði snýst m.a. um að taka afstöðu til siðferðilegra álitamála og að bera virðingu fyrir hverjum og einum. Skólastjórnendur, kennarar og aðrir sem vinna með ungu fólki

hafa kallað eftir kennsluefni eða leiðbeiningum á þessu sviði, sem þeir geti notað í samskiptum sínum við nemendur og umræðum í skólastofunni. Menntamálastofnun hefur í samstarfi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið og undirritaða svarað því ákalli með útgáfu tveggja handbóka. Þær voru upphaflega gefnar út af Evrópuráðinu, en hafa nú verið þýddar á íslensku og staðfærðar fyrir tilstuðlan styrks frá Norrænu ráðherranefndinni.

Önnur bókin ber yfirskriftina *Viðkvæm álitamál og nemendur* og er einkum ætluð til að hjálpa kennurum að virkja ungt fólk í umræðu um viðkvæm álitamál og efla sjálfs-traust og hæfni kennara til að gera þau að reglubundnu viðfangsefni. Álitamál geta komið upp á öllum skólastigum, í öllum skólagerðum og í hvaða námsgrein sem er, og

» Hæpnar forsendur og hálf sannleikur samfélagsmiðlanna er ótraustur grunnur, sem getur valdið togstreitu og ungmennum óvissu um viðkvæm álitamál.

Því er handbókin hugsuð fyrir alla kennara. Hin handbókin, *Stjórnun á tímum ágreinings og átaka*, er hins vegar ætluð skólastjórnendum. Hún geymir ráðleggingar sem eiga að nýtast skólastjórum sem vilja taka frumkvæði og/eða bregðast við viðkvæmum álitamálum innan sinna skóla.

Ungt fólk er áhugasamt um heiminn. Það er að búa sig undir framtíðina og drekkur í sig fróðleik, bæði gagnslausan og nyt saman. Það er skylda þeirra fullorðnu að kenna unga fólkinu að setja sig í spor annarra, að skilja líðan og aðstæður fólks sem býr við erfiðleika eða hefur annað gildismat. Okkur ber að kenna ungu fólki að taka þátt í umræðum um viðkvæm álitamál og stuðla að auknum skilningi á mannréttindum og innleiðingu grunnþátta aðalnámskrár um lýðræði og mannréttindi. Þannig bætum við samfélagið okkar.

Höfundur er grunnskólakennari.